

# Ljósmyndari Mývetninga

## - mannlífsljósmyndir Bárðar Sigurðssonar frá upphafi 20. aldar



Sýning í Myndasal Þjóðminjasafns Íslands 29. janúar - 2. maí 2011

Sýningin á ljósmyndum Bárðar Sigurðssonar veitir einstæða sýn á íslenskt bændasamfélag og þjóðmenningu við upphaf 20. aldar. Auk myndanna má á sýningunni sjá úrval gripa sem tengjast myndefni Bárðar og gefa myndunum aukna dýpt. Sýningin er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns Íslands, Minjasafnsins á Akureyri og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga.

**Hér að neðan eru hugmyndir að umræðum og fræðsluleiðum fyrir kennara sem koma með skólahópa á eigin vegum. Er hér miðað við nemendur í elstu stigum grunnskóla og framhaldsskólanema. Sýningin getur tengst námsgreinum á borð við samfélagsfræði, sögu, lífsleikni, félagsfræði og listasögu.**

### 1. Ljósmyndaverkefni: samanburður á daglegu lífi fyrr og nú

Nemendur taki ljósmyndir af sínum veruleika, til dæmis af fjölskyldu sinni að horfa á sjónvarpið eða borða kvöldmat, ljósmyndir af nánasta umhverfi, foreldrum við vinnu sína, lífi barna í skóla, myndir af hátíðarhöldum og þær bornar saman við myndir Bárðar. Til dæmis væri hægt að láta nemendur velja sér 5-10 myndir á sýningu Bárðar og láta þau taka sambærilegar myndir úr nútímanum.

### 2. Ljósmyndaverkefni: Panoramamyndir

Nemendur æfðir í að taka og setja saman panoramamyndir.

### 3. Fatnaður og tíska

Hvernig er fólkið klætt? Hvernig er skótauið? Hvað segir það okkur um fólkið? Getur klæðaburður sagt til um stöðu fólks í samfélaginu? Hvernig er hártískan? Er eitthvað sem nemendum finnst einkennandi þegar hár fólksins er skoðað? Hægt er að taka fyrir þjóðbúninga sem birtast í myndunum (peysuföt og upphlut)

### 4. Allt hið smáa

Nemendur þjálfaðir í að skoða, lýsa og greina smáatriði á myndum: tennur í fólki sem brosir, hendur fólks, andlit, þvottur á snúrum, hljóðfæri, fatnaður, skart, dýr, húsgögn osfrv.

## 5. Íslenski hesturinn

Myndir skoðaðar út frá hvernig íslenski hesturinn birtist á þeim

## 6. Sveitasamfélagið við upphaf 20.aldar

## 7. Staða barna eins og hún birtist í myndum Bárðar

Hér mætti velja upp málefnum á borð við vinnu barna, hvernig þau eru uppstillt á myndum og klæðaburður þeirra (hversu oft þau eru klædd eins og „litlir fullorðnir“) og tengja umræðuna viðeigandi námsefni

## 8. Er raunveruleikann að finna í ljósmyndum?

Þar er hægt að velja fyrir sér t.d.hvort fólkið sé mikið eða lítið uppstillt á myndunum, hvernig Bárður tók myndir sem virðast ekki vera uppstilltar eða undirbúnar.

## 9. Húsakostur til sveita í upphafi 20. aldar

## 10. Þróun ljósmyndataekni á Íslandi og upphaf ljósmyndunar



Vakin er athygli á að hægt er að bóka kynningu eða leiðsögn um ljósmyndasýningu Bárðar. Nánari upplýsingar og bókanir sendist á netfangið [kennsla@thjodminjasafn.is](mailto:kennsla@thjodminjasafn.is) eða í síma 530-2200.

